



Skaftárhreppur til framtíðar
Skilaboð íbúapings, október 2013

EFNISYFIRLIT

Samantekt.....	1	8. Náttúra, umhverfi og menning	10
1. Inngangur	2	8.1 Náttúra – vernd og nýting.....	10
2. Forgangsroðun	3	8.2 Nýting á náttúru, menningu og sögu	11
3. Atvinnumál	4	8.3 Kirkjur	11
4. Ferðapjónusta	5	8.4 Endurvinnsla - tiltekt.....	12
4.1 Ímynd / sérkenni	6	9. Umferð og samgöngur	13
5. Landbúnaður	7	9.1 Fjarskipti og rafmagn	13
5.1 Kornrækt	8	10. Grunnstoðir.....	14
6. Byggðapróun	9	10.1 Menntamál	15
7. Húsnæðismál.....	10	10.2 Ungmennastarf	16
		11. Að lokum.....	17

*Öllum sem þátt tóku í íbúáþinginu,
verkefnisstjórn og heimamönnum í Skaftárhreppi
sem aðstoðuðu við framkvæmdina
eru færðar bestu þakkir fyrir gott samstarf
og skemmtilegt þing.*

Umsjón með íbúáþinginu og þessari samantekt hafði ILDI, þjónusta og ráðgjöf, Sigurborg Kr. Hannesdóttir, í samstarfi við starfsfólk Byggðastofnunar.

Þingið var haldið í Kirkjuhvoli.

Kvenfélagið Hvöt sá um veitingar.

Ljósmyndir í þessari samantekt eru frá Byggðastofnun og ILDI.

Í verkefnisstjórn sitja:

Aðalsteinn Þorsteinsson, Byggðastofnun.

Auðbjörg Brynja Bjarnadóttir, fulltrúi íbúa.


Eygló Kristjánsdóttir, Skaftárhreppi.

Fanney Björg Sveinsdóttir, SASS.

Sigríður K. Þorgrímsdóttir, Byggðastofnun.

Þorvarður Hjaltason, SASS.

Þóroddur Bjarnason, Byggðastofnun og Háskólanum á Akureyri.



SAMANTEKT

Virk þátttaka íbúa og markviss eftirfylgni er þungamiðjan í verkefninu „Skaftárhreppur til framtíðar!“ sem Byggðastofnun stendur fyrir í samstarfi við Skaftárhrepp, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, Háskólann á Akureyri og íbúa.

Helgina 19. – 20. október var haldið íbúáþing á Kirkjubæjarklaustri þar sem mættu tæplega 40 manns. Dagskráin varð til með þeim hætti að þátttakendur stungu upp á málefnum og stýrðu umræðuhópum.

Megin niðurstaða þingsins er sú að í Skaftárhreppi eru miklir möguleikar til að styrkja enn frekar helstu atvinnugreinarnar á svæðinu, ferðaþjónustu og landbúnað. Efling ferðaþjónustu veltur á lengingu ferðamannatímans og í landbúnaði eru margvísleg tækifæri í fullvinnslu og markaðssetningu afurða. Skortur á íbúðar- og atvinnuhúsnæði hamlar hins vegar uppbyggingu og Skaftárhreppur er á köldu svæði og húshitunarkostnaður því hár. Jafnframt þarf að bæta fjarskipti, rafmagn og vegi. Mikilvægt er að íbúar sjálfir hafi trú á sér og samfélaginu og rækti með sér jákvæðni, samhygð og samvinnu, sögðu þátttakendur.

Ferðaþjónusta er sívaxandi en þar er mikill „tekjuleki“ þar sem megnið af starfsmönnum eru búsettir utan sveitarfélagsins. Möguleikar felast í sérstöðu svæðisins, náttúru, menningu og sögu. Rætt var um gjaldtöku, aga og gæði í atvinnugreininni, að nýta kirkjur og bjóða jafnframt upp á lifandi leiðsögn. Heimamenn binda vonir við enn frekari lengingu ferðamannatímans og fjölgun heilsársstarfa.

Fundarmenn lýstu áhyggjum af lítilli nýliðun í landbúnaði og spurt var hvort hægt væri að finna leiðir til að auðvelda kynslóðaskipti í búskap, enda blasa fjölmörg tækifæri við í atvinnugreininni.

Aukið framboð á húsnæði; atvinnuhúsnæði, leiguíbúðum og „verbúðum“, myndi gefa mikla innspýtingu í byggðaþróun í Skaftárhreppi, þar sem alvarlegur skortur er á húsnæði.

Þátttakendur voru sammála um að samfélagið á sér margar traustar grunnstoðir, en að verja þurfi þær sem fyrir eru og e.t.v. sameina einhverjar.

Mikil umræða varð um hvernig leita megi jafnvægis í nýtingu og vernd náttúrunnar og sýndist sitt hverjum, en til varð sameiginleg niðurstaða sem byggir á sýn á sjálfbæra þróun, þar sem þess verði ævinlega gætt að sem allra minnst verði gengið á rétt komandi kynslóða.

Kallað var eftir bættum samgöngum og malbikun tengivega bæði fyrir íbúa og ferðamenn. Víða vantar þriggja fasa rafmagn, rafmagnskostnaður er hár og nauðsynlegt að bæta fjarskipti. Þetta er undirstaða byggðaþróunar, grundvöllur fyrir sókn og síðast en ekki síst mikið öryggisatriði, að mati þátttakenda.

Skaftárhreppur er einn af fjórum stöðum þar sem Byggðastofnun stendur fyrir sambærilegum verkefnum, í svokölluðum „brothættum byggðum“. Hinir staðirnir eru Bíldudalur, Breiðdalshreppur og Raufarhöfn, þar sem verkefnið er lengst komið. Umsjón með þinginu hafði ILDI, þjónusta og ráðgjöf. Nú mun verkefnisstjórn vinna frekar úr skilaboðum þingsins og marka stefnu um eftirfylgni, sem síðan verður kynnt á fundi með íbúum.

1. INNGANGUR

„Skaftárhreppur til framtíðar!“ er verkefni á vegum Byggðastofnunar, í samstarfi við Skaftárhrepp, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) og Háskólann á Akureyri, ásamt íbúum í Skaftárhreppi.

Markmið verkefnisins er að stofnanir, sveitarfélag og íbúar leggi saman krafta sína og leiti leiða til eflingar byggðar í Skaftárhreppi. Þannig er horfið frá þeirri nálgun að stofnanir eða stjórnvöld komi með lausnir sem ekki eru sprottnar innan frá. Byggt er á samfélaginu sjálfu, íbúunum og þeirra vilja, krafti og frumkvæði. Hugtakið **valdefling** er leiðarljós í allri vinnu með íbúum, hvort heldur er fyrirkomulag funda eða ferlið í heild sinni.

ILDI, þjónusta og ráðgjöf hefur umsjón með þátttöku íbúa, en fyrirtækið hefur sérhæft sig í slíkum verkefnum og vinnur eftir alþjóðlegum viðmiðum, gildum og siðareglum.

Skaftárhreppur er einn af fjórum stöðum þar sem Byggðastofnun stendur fyrir sambærilegum verkefnum, undir yfirskriftinni „Brothættar byggðir“. Hinir staðirnir eru Breiðdalshreppur, Bíldudalur og Raufarhöfn, þar sem verkefnið er lengst komið.

Undirbúningur verkefnisins hófst í maí 2013 þegar fundað var með sveitarstjórn og verkefnisstjórn tók til starfa. Verkefnið var síðan kynnt fyrir íbúum, mánudaginn 7. október, auk þess sem kynnt voru þróunarverkefni sem tengjast Skaftárhreppi, á vegum annarra aðila.

Helgina 19. – 20. október var svo haldið íbúáþing í Kirkjuhvoli á Kirkjubæjarklaustri í blíðskaparveðri. Þátttakan var góð og komið víða við í líflegum umræðum.

Fyrirkomulag þingsins var svokallað „Opið rými“ – Open Space, þrautreynd fundaaðferð¹. Þátttakendur stungu sjálfir upp á umræðuefnum og leiddu umræðuhópa.

Það má segja að þessi samantekt hafi orðið til jafnóðum á þinginu því uppistaðan í köflunum hér á eftir er komin beint frá umræðuhópunum sem skráðu niðurstöður sínar í tölvur í lok umræðna.

Hvað þarf til?



Lög og reglur Stjórnvöld Viðskiptalíf Heimurinn "Trends"	Auðlindir Hugmyndir Framkv. geta Sjálfsmynd Samkennd	Skilyrði til þróunar: Uppbygging eða hnignun?
--	--	--

Verkefnið er tilraun til að styrkja samfélag innan frá og byggja brú milli innri stöðu og ytri aðstæðna.

¹ <http://www.openspaceworld.org/>


2. FORGANGSRÖÐUN

Í lok þingsins forgangsröðuðu þátttakendur málaflokkum, út frá mikilvægi fyrir eflingu byggðar í Skaftárhreppi. Hver þátttakandi fékk 10 punkta til að útteila á málaflokka eftir eigin mati.

Niðurstaðan er sú að atvinnumál almennt veða einna þingst, en fjarskipti og rafmagn, húsnæðismál, byggðaþróun og landbúnaður fylgja fast á eftir. Athygli kann að vekja að ferðaþjónusta er ekki í efstu flokkum, ekki síst þar sem rætt var um tækifæri í ferðaþjónustu í mörgum umræðuhópum. Ástæðan virðist vera sú að „undirtill“ hópsins sem sérstaklega fjallaði um ferðaþjónustu var „agi og gæði“. Því ber ekki að túlka myndina hér til hliðar þannig að íbúar Skaftárhrepps hafi minni tiltrú á ferðaþjónustu sem atvinnugrein en t.d. landbúnaði, heldur þvert á móti. Sem dæmi má nefna að á þinginu urðu einmitt miklar umræður um tækifæri í samtengingu landbúnaðar og ferðaþjónustu.

Samkvæmt forgangsröðuninni má svo draga þá ályktun að úrbætur í samgöngumálum brenni með öðrum hætti á íbúum Skaftárhrepps, en íbúum afskekktari byggðarlaga, enda liggur svæðið vel við hringveginum.

Nýsköpun í atvinnulífi, þar sem byggt er á þeim grunni sem þegar er til staðar í landbúnaði og ferðaþjónustu og byggt á sérstöðu í náttúru og sögu, er mikilvægasta viðfangsefnið. Forsendan er sú að til staðar sé atvinnu- og íbúðarhúsnæði, fjarskipti og þriggja fasa rafmagn. Þetta samspil er grundvöllur að eflingu byggðar í Skaftárhreppi.



„Skortur á húsnæði í allri sinni mynd er dragbítur í samfélaginu hvort sem það snýr að fólksfjölgun eða vexti í atvinnu“.

3. ATVINNUMÁL

Talsverð umræða varð um atvinnumál á þinginu, bæði almennt og þær tvær atvinnugreinar sem vega þyngst í Skaftárhreppi, ferðaþjónustu og landbúnað. Í þessum kafla er afkrstur hóps sem fjallaði um atvinnumál almennt.

Rætt var um þá veikleika sem helst hamla eflingu atvinnulífs og var þar efst á blaði vöntun á húsnæði og betri fjarskiptum auk þess sem vantar heilsársstörf t.d. í ferðaþjónustu. Þá vantar fólk í störf sem eru auglýst.

Hópurinn var sammála um að setja eigi meira púður í markaðs- og kynningarmál. Styðja þurfi við það starf sem klasinn Friður og frumkraftar er að vinna fyrir sveitarfélagið en þar vanti í raun meira fjármagn í til að geta gert enn betur.

Rætt var um innri markaðssetningu og að íbúar þurfi að fylkja sér á bak við vörumerki sem verið er að markaðssetja.

Í umræðu um matvælavinnslu sá hópurinn tækifæri í fyrirhugaðri opnun sláturhúss og taldi að mynda mætti hóp í kringum frumkvöðla í matvælavinnslu sem fengi sérhæfða ráðgjöf t.d. frá Matís. Þá var sagt: „Væri hægt að vera með fiskvinnslu – fiskurinn veiddur á Höfn og fluttur hingað til vinnslu á leiðinni til Reykjavíkur“.

Sú spurning brann á hvernig stuðla megi að nýliðun í landbúnaði og/eða styðja við starfslok þeirra sem nú eru í búskap. Finna þurfi farveg fyrir bændur til að liðka fyrir nýliðun og/eða starfslokum.

Umræðan fór víða, m.a. rataði þetta á blað: „Margar auðlindir t.d. stuðlaberg. Passa verður að nýting sé í takt við ímyndarsköpun svæðisins.“

Þá taldi hópurinn vanta söfn um söguna, náttúruna og menninguna.

Loks kom fram hugmynd um að mynda hóp áhugasamra í sveitarfélaginu til að halda umræðunni um atvinnumál lifandi.



4. FERÐAÞJÓNUSTA

Stungið var upp á umræðuefninu „Ferðaþjónusta, agi og gæði“ og annar hópur ræddi um ímynd og sérkenni svæðisins.

Í fyrri hópnum var rætt um aukna menntun í ferðaþjónustu, uppbyggingu ferðamannastaða, tekjuleka og mikilvægi Kötlu jarðvangs og Vatnajökulsþjóðgarðs. Allt þetta eigi að „nota...sem verkfæri í okkar ferðaþjónustu“.

Aukin menntun í greininni:

- Auka fagmennsku.
- Auka staðarþekkingu.
- Fræðslunetið?

Umræða um uppbyggingu ferðamannastaða tengdist þeirri umræðu sem nú á sér stað á landsvísu um gjalddtöku á ferðamannastöðum.

- Innri gjalddtaka (tekjur sem koma inn á svæðið notaðar til að standa að útgjöldum við að viðhalda ferðamannastöðum).
- Samræming gjalddtöku á ferðamannastöðum á landsvísu.

Talsverð umræða varð um „tekjulekann“ í ferðaþjónustu í Skaftárhreppi, þar sem mikið af tekjum atvinnugreinarinnar skilar sér ekki til svæðisins. Fram kom að störfum fjölgi eflaust um 100% í 3 mánuði á ári.

Athuga með tekjulekann:

- Sumarstarfsmenn – greiði útsvar til sveitarfélagsins.
- Ferðaþjónustufyrirtæki sem ekki eiga heimahöfn hér skila engum tekjum til héraðs af þeirra notkun á landsvæði héraðsins.

Hópurinn lagði áherslu á mikilvægi þess að tryggja rekstur Kötlu jarðvangs og Vatnajökulsþjóðgarðs og einnig að...

...bæta samræmingu:

- Auka gæði.
- Nýta sérstöðuna.
- Nýta frábært umhverfi.

„Athuga með tekjulekann. Störfum fjölgar hér eflaust um 100% í þrjá mánuði á ári.“



4.1 ÍMYND / SÉRKENNI

Hópur sem ræddi um ímynd og sérkenni svæðisins leyfði sér að fljúga vítt og breitt um allt sem kom upp í hugann.

Fyrst sérstaða byggð á náttúru: Eldurinn, eldvirkni, eldsveitin, hraun, mosi, melgresi, sandar, jökulvötn, ís, sveitin á milli sanda, heiðarnar, landbúnaðarlönd, miklar andstæður, óspillt vatnasvið, mikið pláss, víðerni, auðn, gott veðurfar, góð ræktunarskilyrði, sjóbirtingur, veiðiár, birkiskógar, berjalönd, Skaftárhlaup, merkar minjar, fíflar, gervíggar – Landsbrotshólarnir, stuðlaberg og stuðlabergsrósur, móbergshryggirnir, a.m.k. tveggja jökla sýn.

Þetta kom fram í umræðunni um ímynd og fjölmiðlaumfjöllun: „Erum búin að vera í sviðsljósinu fyrir neikvæða þætti; brothættar byggðir, erfið fjárhagsstaða, sorphálin í ólestri. Ímynd annarra Íslendinga byggir á því. Vorum áður í forystu t.d. í stefnumótun í ferðaþjónustu og umhverfismálum. Þurfum að nýta leiðir til að koma góðum verkefnum á framfæri t.d. í gegnum fjölmiðla. Jákvæð umfjöllun er mjög mikið í okkar höndum og á okkar ábyrgð.“

Rætt var um að bæta aðkomu og útlit til að styðja við ímyndarsöpun, t.d. aðkomuna að þorpinu og að íþróttamiðstöðinni.

Hópurinn sá mikil tækifæri til að senda út jákvæð skilaboð – í Skaftárhreppi sé góð grunnþjónusta, t.d. hjúkrunarheimili, leikskóli, grunnskóli, heilsugæsla, verslun, banki o.s.frv. Þjónustan sé jafnframt sveigjanleg.

Og fleira var rætt á þessum nótum: Gott samfélag, drifkraftur, mörg spennandi verkefni í undirbúningi, t.d. þekkingarsetrið,

ferðaþjónustuklasinn Friður og frumkraftar, sláturhúsið í Seglbúðum, kjötvinnslan í Borgarfelli, kornræktin á Sandhól, menntunarmöguleikar með námsveri, aukin gæði og mikil breidd í ferðaþjónustu, Katla jarðvangur, Vatnajökulsþjóðgarður, Kirkjubæjarstofa, Suðurlandskógar, Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, Búnaðarsamband Suðurlands og Sveitabragginn.

Þá var horft til sögunnar: Sagan við hvert fótímál, fyrsti verkmenntaskólinn á landinu, bænhúsið á Núpsstað, kapellan, Systrafoss, Systrastapi, nunnu- og munkaklaustrin, vagga kristninnar, Kirkjugólfíð, merkar persónur, t.d. Erró, Kjarval, Guðjón Samúelsson og Sæmundur Hólm.



5. LANDBÚNAÐUR

Umræða um landbúnað einkenndist af sýn á tækifæri í vöruþróun og markaðssetningu og tengingu við ferðaþjónustu en jafnframt af áhyggjum af nýliðun og rafmagns- og fjarskiptamálum.

Þátttakendur veltu fyrir sér framtíð hefðbundins landbúnaðar og horfðu í framhaldi af því til möguleika á fjölbreytni og nýsköpun. Æskilegt væri að fara í vöruþróun og markaðssetningu og kanna mætti möguleika á matarsmiðju.

Markaðssetning á matvælum úr héraði er mjög mikilvæg að mati hópsins og ætti að „...nýta Katla Geopark- og/eða Vatnajökulspjóðgarð sem vörumerki alla leið í landbúnaðarframleiðslu“. Meðal þess sem mætti markaðssetja er „heiðar/fjallalömb“.

Hvetja ætti til skógræktar og skjólbeltaræktar til dæmis til að vernda uppskeru í kornrækt og einnig stakk hópurinn upp á að horfa til nýtingar núverandi skóga í ferðaþjónustu, útivist og landbúnaði. Möguleikar séu í nýtingu skóga sem nú þegar eru tilbúnir til nytja. Hér þyrfti að auka samstarf, að mati hópsins.

Fram kom að „þriggja fasa rafmagn er nauðsyn til að geta endurnýjað tækjabúnað“ og að bæta þarf fjarskipti. Tækni og nýjungar séu til staðar fyrir skráningar t.d í forritið Fjárnís en fjarskiptasamband sé ekki nægjanlegt til að hægt sé að nota tæknina til vinnusparnaðar.

Þá var rætt um nýliðun í landbúnaði, hana þurfi að auðvelda og auka aðgengi að þolinmóðu fjármagni til ungra bænda.

Nokkur umræða varð um samvinnu almennt og vildu þáttendur gjarnan sjá samvinnu milli bænda á svæðinu aukast, t.d. með því að veita gagnkvæma aðstoð við ýmis störf.

Þá var rætt um samstarfsvettvang ferðaþjónustu og landbúnaðar og var bent á að það gæti mögulega verið í gegnum Frið og frumkrafta, en að margir álíti klasann einungis fyrir ferðaþjónustu.



5.1 KORNRÆKT

Í hópi sem ræddi sérstaklega um kornrækt kom fram að góðir möguleikar séu til aukinnar kornræktar í Skaftárhreppi í ljósi ræktunaraðstæðna og veðurfars. Sú kornrækt sem fyrir er, gefi vonir um góða möguleika þessarar ræktunar í sveitarfélaginu.

Bent var á að mikið sé til af góðu ræktunarlandi, t.d. á Brunasandi og Stjórnarsandi. Þegar er orðin öflug ræktun í Meðallandi og þar er komin aðstaða til að þurrka korn.

Bent var á möguleika til fullvinnslu afurða úr korni til manneðis og fóðurs, t.d. hálmur sem undirburður, til blöndunar í moltugerð og hratið til blöndunar í fóður.

Þá kom fram að kornrækt og skjólbeltarækt fara vel saman og skjólbelti kringum ræktunarlönd dragi úr áhrifum veðra og vinda og bæti til muna ræktunaraðstæður og þar með uppskeruna. Mikilvægt sé að efla skjólbeltarækt og hún bæti líka aðstöðu til annarrar ræktunar, t.d. á grænmeti, blómlaukum og fleiru.

Mikilvægt er að mati þátttakenda að hvetja til samstarfs/samvinnu bænda og annarra um kornrækt í Skaftárhreppi og kom fram að þegar er starfandi kornræktarfélag í sveitarfélaginu.

*„Nýta Katla geopark- og / eða
Vatnajökulsþjóðgarð sem vörumerki alla leið
í landbúnaðarframleiðslu“*



6. BYGGÐAÞRÓUN

Í umræðu undir yfirskriftinni „byggðaðróun“ var rætt um þekkingarsetur á Kirkjubæjarklaustri, landbúnað, ferðaþjónustu, grunnstoðir og samgöngur í víðum skilningi.

Hópurinn taldi mikilvægt að unnið verði áfram að uppbyggingu þekkingarseturs á Kirkjubæjarklaustri, sem nú ríkir óvissa um vegna fjármögnunar. Þekkingarsetrið yrði:

- Þjónusta við samfélagið
 - Hækka menntunarstig.
 - Fjölbreytni í atvinnu / atvinnutækifæri.
 - Rannsóknir.
- Þjónusta við ferðamenn.
- Mikilvægt fyrir varðveislu menningar og sögu svæðisins.
- Uppspretta nýrra verkefna og tækifæra, s.s. borun eftir heitu vatni o.s.frv.

Landbúnaður er ein helsta undirstöðuatvinnugrein svæðisins og leita þarf leiða til að styðja hann og efla, að mati þátttakenda. Auðvelda þurfi nýliðun og betra aðgengi að fjármagni. Rætt var um mögulega aðstoð og ráðgjöf við starfslok, þegar kemur að því að fólk hætti starfi sem bændur, eða með öðrum orðum að auðvelda ættliða- eða kynslóðaskipti. Spurt var hvort Byggðastofnun hafi einhverjar lausnir fyrir nýliðun í landbúnaði.

Að auki kom þetta fram varðandi landbúnað:

- Landbúnaður er undirstaða matvælaframleiðslu.
- Svæðisbundin úthlutun greiðslumarks?

Rætt var um samgöngur, bæta þurfi og styrkja vegakerfið í sveitarfélaginu og huga að flugsamgöngum, sem séu mikilvægt öryggismál. Þá var kallað eftir þriggja fasa rafmagni og bættum fjarskiptum. Hópurinn lagði áherslu á að verja þær grunnstoðir sem fyrir eru.

Loks kom þetta fram:

- Vandamál við Hverfisfljót til skoðunar.
- Ferðaþjónustan er ein af undirstöðum atvinnulífsins – nota innviði svæðisins til uppbyggingar og styrkingar greinarinnar.



7. HÚSNÆÐISMÁL

Megin niðurstaða hópsins sem fjallaði um húsnæðismál var skýr: „Skortur á húsnæði í allri sinni mynd er dragbítur í samfélaginu hvort sem það snýr að fólksfjölgun eða vexti í atvinnu“.

Staðan er sú að það vantar leiguhúsnæði, vantar eignir til kaups og vantar atvinnuhúsnæði.

Því velti hópurinn fyrir sér mögulegum leiðum til fjármögnunar:

- Hafa samband við fasteignafélög.
- Leita til félaga, t.d. Búseti, Búmenn o.fl.
- Stofna fasteignafélag.

Nokkur umræða varð um þörf á húsnæði fyrir fólk sem staldrar stutt við t.d. yfir sumartímann, einhverskonar „verbúðir“.

Þá var rætt um að húsnæði skólans, þar sem áður var heimavist sé illa nýtt. Þeirri hugmynd var varpað fram að jafnvel mætti byggja nýjan skóla og selja núverandi húsnæði undir aðra starfsemi s.s. hótél eða safn. Einnig að nýta mætti gömlu heimavistina sem skammtímahúsnæði í útleigu fyrir starfsmenn í tímabundnum störfum. Þannig væri hægt að koma til móts við knýjandi þörf fyrir húsnæði fyrir sumarstarfsmenn, en eins og fram kom í kafla 4 hér á undan, um ferðapjónustu, er áætlað að störfum fjölgi um 100% yfir sumartímann.

Loks lagði hópurinn áherslu að leiguverð yrði viðráðanlegt.

8. NÁTTÚRA, UMHVERFI OG MENNING

Mál sem snerta náttúru og menningu voru rædd í fjórum hópum, „Náttúra – vernd og nýting“, „Nýting á náttúru, menningu og sögu“, „Kirkjur“ og loks „Endurvinnsla – tiltekt“. Sumt af því sem rætt var skarast að töluverðu leyti við ferðapjónustu meðan annað gerir það ekki. Skilaboð þessara hópa fara hér á eftir.

8.1 NÁTTÚRA – VERND OG NÝTING

Í hópnum var rætt um hvar mörkin liggi milli verndunar og nýtingar á náttúruauðlindum. Umræðan var málefnaleg þó tekist hafi verið á um þessi tvö sjónarmið og höfðu þátttakendur á orði að það hefði verið kærkomið að fá þetta tækifæri til að ræða málin.

Hópurinn var sammála um:

- Nauðsyn samvinnu og virðingar fyrir skoðunum annarra.
- Að leita leiða til fjölbreyttari nýtingar án þess að ganga á það sem fyrir er, sé þess nokkur kostur.
- Að íbúar sem láta sér annt um náttúruna láti sig varða landbrot af völdum náttúruafla. Myndi þrýstihóp til að sporna við landbroti Leirár og sambærilegum aðstæðum víðar í sveitarfélaginu.

„Leita leiða til fjölbreyttari nýtingar án þess að ganga á það sem fyrir er, sé þess nokkur kostur.“

Að lokum varð þetta sameiginleg niðurstaða umræðunnar:

„Leitast skal við að nýting hverskonar náttúruauðlinda sveitarfélagsins, þar með talið í vatni, vindi, jarðefnum hverskonar, (sand, stuðlabergi, hrauni, ösku o.s.frv.) jafnframt í grasnytjum, ferðamennsku og annarri hugsanlegri nýtingu, verði með sem sjálfbærustum hætti í samfélagslegu, efnahagslegu og umhverfislegu tilliti og þess ævinlega gætt að sem allra minnst verði gengið á rétt komandi kynslóða“.

8.2 NÝTING Á NÁTTÚRU, MENNINGU OG SÖGU

Hópurinn ræddi um hvernig hægt væri að gera meira úr stórmerkilegri sögu, einstakri náttúru og náttúrufegurð í Skaftárhreppi. Leiðsögn og fagleg vinnubrögð eru nauðsynleg og lifandi frásögn skiptir máli að mati þátttakenda.

Kostnaður og gjaldtaka kom til umræðu og spurt: „Má rukka á hverjum stað?“.

Kirkjuferðir, þ.e. ferðir um allar kirkjur hreppsins, voru ein þeirra hugmynda sem hópurinn skráði niður sem dæmi um ferðir þar sem fram færi fræðsla um náttúru, menningu og sögu svæðisins.

Þá mælti hópurinn með því að gerðar yrðu fleiri kvikmyndir tengdar sögu og náttúru.

Mikilvægt er að vinna að markaðssetningu á sögunni, náttúrunni og menningunni til að geta selt ferðir til ferðamanna áður en þeir koma á svæðið, var sagt.

Í framhaldi af því var svo spurt: „Hvar eigum og/eða getum við byrjað?“.

8.3 KIRKJUR

Húsnæði safnaðanna í Skaftárhreppi, kirkjuhús, þjónustuhús, kapellur og bænhús eru vannýtt auðlind, að mati þeirra sem skipuðu hópinn.

Stungið var upp á fjölmörgum möguleikum til að tengja kirkjuhúsin við ferðaþjónustuna. Til dæmis að auglýsa kyrrðarstundir í kirkjunum, bjóða upp á fræðslu og standa fyrir tónlistarviðburðum.

Hafa mætti messuauglýsingar á ensku og fleiri erlendum tungumálum, kom fram. Sérstaklega fastar sumarmessur eins og Þorláksmessu á sumri í Þykkvabæjarklausturskirkju, messu um verslunarmannahelgi í bænhúsinu á Núpsstað og fleira.

Fram kom að mikil notkun er á salernum þjónustuhúsanna og Minningarkapellunnar.

Loks spurðu þátttakendur: „Hvernig eigum við að koma þessum hugmyndum á framfæri?“.



8.4 ENDURVINNSLA - TILTEKT

Hópurinn sem ræddi um endurvinnslu og tiltekt vildi sjá úrbætur á þessum sviðum í Skaftárhreppi. Þannig blasir staðan við, að mati þátttakenda:

Ástandið er slæmt:

- Ekki boðið upp á næga flokkun.
- Ekki nógu góðar leiðbeiningar.
- Gámafélagið stendur sig ekki.
- Engin eftirfylgni með leiðbeiningum.

Þá var nefnt að flokkunin sé léleg og það sem er flokkað sé jafnvel blandað aftur. Fram kom að lífrænt sorp var unnið (frá þorpinu) en því var hætt – talin of mikil vinna. Sláturúrgang og seyru eigi að urða á Stjórnarsandi en það sé ekki mikið notað.

Einnig kom þetta fram:

- Stefnt er að því að Stjórnarsandur verði notaður sem urðunarstaður fyrir heimilissorp – spurning með kosti þess?
- Lífrænn úrgangur frá sveitabæjum á ekki erindi á urðunarstað.
- Mætti hjálpa fólki með að gera holur á sínum bæjum.
- Brennslu er hætt. Sveitarstjórn hefur ekki áhuga á að nota hana t.d. til að brenna timbri.
- Umhverfis og náttúruverndarnefnd Skaftárhrepps er ekki virkjuð í umhverfis- og/eða náttúrumálum. Engu er vísað til nefndarinnar.

Hópurinn hafði ýmsar tillögur um úrbætur fram að færa.

Málið sé á ábyrgð sveitarstjórnar og íbúa. Auka þurfi þekkingu íbúa og aðstoða fólk í sveitinni við jarðgerð og/eða meðferð á lífrænum úrgangi. Bæta þurfi flokkunaraðstöðu og fjölga sérstökum gámum t.d. fyrir raftæki og/eða tölvuvöru og jafnvel mætti hafa nytjagám, sambærilegan Góða hirðinum.

Rætt var um ábyrgð hótela og annarra gistiþjónustuaðila og að skoða þurfi kostnaðarliði til að hvetja til flokkunar. Huga þurfi að betri urðunarstað og stefna ætti að því að búa til moltu.

Varðandi tiltekt var bent á að víða séu bílhræ og bárujárn og að kynna þurfi hvaða leiðir eru í boði og aðstoða fólk ef þarf.



9. UMFERÐ OG SAMGÖNGUR

Þessi hópur fjallaði um umferð og samgöngur.

Bent var á að aukin umferð kalli á aukna þjónustu.

Sérstaklega var rætt um Skaftá og þau miklu áhrif sem hún hefur á vegagerð og framkvæmdir. Mikilvægt sé að fylgjast með breytingum á ánni, með „vatnsbúskap“ í hrauninu og hækkun farvega Skaftár, Kúðafljóts og Skálmar.

Fram kom að það vanti þjónustu- og verslunarsvæði á aðalskipulag með tilliti til flóðahættu og/eða framburðar í Skaftá.

Hópurinn taldi brýnt að ráðast í fyrirhleðslu á Leirá m.t.t. samgangna á þjóðvegi 1 og benti á að þar liggur einnig hringleið ljósleiðaratengingar.

Þá var sagt:

- Breikka þarf þjóðveg 1, bæta öryggi og laga pælnar meðfram þjóðvegi 1.
- Brúa þarf árnar á veginum upp að Laka og Fjallabaksleið.
- Stefnt skal að malbikun allra tengivega í sveitarfélaginu – þar sem íbúar eru búsettir.
- Bæta þarf verulega vinnulag við heflun vega.

Hópurinn taldi að ferðir fólks- og vöruflutningabíla þurfi að vera tíðari, sérstaklega yfir vetrarmánuðina. Einnig kom fram að bæta þurfi snjósmokstur bæði innan Kirkjubæjarklausturs sem og almennt. Sagt var „við eigum nóg af sandi sem má nota til hálkuvana“.

Fram kom ánægja með að póstafrgreiðsla er til staðar á Kirkjubæjarklaustri.

9.1 FJARSKIPTI OG RAFMAGN

„Fjarskipti og rafmagn eru undirstaða byggðapróunar, grundvöllur fyrir sókn og síðast en ekki síst mikið öryggisatriði“. Þetta var meginniðurstaða hópsins sem ræddi þessi mál.

Varðandi rafmagnið kom fram að það er dýrt á þessu svæði, enda kalt svæði. Auka þurfi jafnræði t.d. með niðurgreiðslum. Mögulega mætti nýta önnur úrræði til að draga úr kostnaði, svo sem veita styrki til að einangra, skoða hitaleka úr híbýlum með hitamyndavél og fleira. Þá vanti þriggja fasa rafmagn.

Fjarskipti þarf að bæta, að mati hópsins. Það snýst um að efla nettengingar með ljósleiðara. Sagt var „sú þjónusta sem er í boði hér er dýr“. Einnig kom fram að of mikið sé af dauðum punktum í Gsm og Tetra kerfunum, þeim þurfi að eyða.

Með betri tengingu væri hægt að tryggja sjónvarp og útvarp, en fram kom að víða á svæðinu eru útvarpsskilyrði léleg.

Internet er undirstaða í byggðapróun, er undirstaða atvinnu og viðskipta og eykur möguleika einstaklinga t.d til menntunar, atvinnu og fleira, sögðu þátttakendur.

Sú hugmynd kviknaði að setja saman þrýstihóp í samstarfi við t.d sveitarstjórn og Byggðastofnun sem gæti skoðað og/eða komið á samstarfi við aðila sem væru þegar að vinna að einhverjum verkefnum, til dæmis Landsvirkjun.

10. GRUNNSTOÐIR

Hópur sem ræddi um grunnstoðir fjallaði einnig sérstaklega um hjúkrunarheimilið og íþróttamannvirki.

Byrjað var á að spyrja: „**Hvaða stoðir höfum við?**“

Efst á blaði var fólkið sjálft, fjölskyldur og einstaklingar.

Síðan starfsemi á vegum Skaftárhrepps, ríkis, stofnana og fyrirtækja

- Leik-, grunn-, tónlistarskóli og bókasafn.
- Heilsugæsla, lækni, hjúkrunarfræðingur, apótek, sjúkrabíll og hjúkrunarheimili.
- Verslun, banki, póstur, bensínstöð.
- Samgöngur.
- Lögregla.
- Fjarskipti. *„Hlúa að þeim grunnstoðum sem fyrir eru og verja þær.“*
- Sorphirða.
- Kirkjustarf, prestur, kirkjur.
- Dýralæknir.
- Félagsheimili.

Nokkur umræða varð um félags- og tómstundastarf og mikilvægi þess, svo sem íþróttamiðstöð, ungmennafélög, björgunarsveitir og Rauða krossinn.

Loks voru atvinnutækifærin kortlögð, landbúnaður, ferðaþjónusta, smáíðnaður, bílaverkstæði, trésmíðaverkstæði og Klausturbleikja.

Í framhaldi af þessu spurði hópurinn: „**Hvaða stoðir vantar?**“

Húsnæði var það sem fyrst rataði á blað.

Síðan, bætt fjarskipti og bættar samgöngur, betri nýting á flugvelli, betri vegir, meiri snjómokstur og að sanda betur. Einnig tryggar áætlunarferðir, hraðlest á allt Suðurland, flugtaxi og að heimamenn sjái um flutninga á vörum og fólki.

Þá var rætt um þörf fyrir styrkari heimaþjónustu og kom fram að það vanti fólk til að sinna þeirri þjónustu.

Í umræðu um íþróttamannvirki, kviknaði sú hugmynd að marka heilsustefnu fyrir Skaftárhrepp. Spurt var: „Kleifar, á að laga þann völl eða byggja nýjan?“. Hópurinn var sammála um að almennt megi huga betur að íþróttamannvirkjum. Varpað var fram þeirri spurningu hvort hægt væri að byggja sameiginlegt hús fyrir ólíkar íþróttir, t.d. hestamennsku og frjálssar.

Atvinnusköpun er eitt af því sem þarf að efla í grunnstoðum, að mati hópsins.

Bæta megi flokkun og endurvinnslu, enda hægt að endurvinna hér um bil allt sorp.

„Félagslíf, má vera fjölbreyttara en það er undir okkur sjálfum komið“, sögðu þátttakendur.

- Hlúa að þeim grunnstoðum sem fyrir eru og verja þær.
- Við erum hvert og eitt grunnstoð samfélagsins.

Loks var spurt: „Hvernig getum við styrkt stoðir samfélagsins?“

Svörin við þeirri spurningu snerust fyrst og fremst um viðhorf, samstarf og samkennd, auk þess sem spurt var hvort væri ástæða til að sameina einhverjar stoðir.

- Getum við sameinað einhverjar stoðir? Verða þær sterkari við sameiningu?
- Meiri samhygð og samvinna. Klára sameiningu gömlu hreppanna.
- Verðum sterkari við meiri samvinnu og/eða sameiningu.
- Með því að tala jákvætt um okkur sjálf!
- Verðum að hafa trú á okkur sjálfum og okkar samfélagi!



10.1 MENNTAMÁL

Hópurinn sem ræddi um menntamál nálgast viðfangsefnið út frá SVÓT greiningu og kortlagði styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri. Horft var annars vegar á grunnskólann og hins vegar á menntamál almennt.

Styrkleikar

- Hátt menntunarstig kennara.
- Góð og sveigjanleg þjónusta á leikskólanum.
- Mötuneyti – þar sem eldað er frá grunni.
- Nóg rými í grunnskólanum.
- Fámennir hópar.
- Stuttar boðleiðir.
- Nándin.

Veikleikar

- Illa nýtt húsnæði – stærðin vandamál.
- Fámennir árgangar.
- Aðgangur að sérfræðiþjónustu á staðnum.
- Tækjakostur skólans.
- Nándin.
- Langir dagar hjá yngstu nemendum vegna skólaaksturs.
- Netsamband.

Ógnanir

- Breytingar á sérfræðiþjónustu (skólaskrifstofan).
- Félagsleg einangrun unglinga vegna vegalengda.
- Fagleg einangrun.

Tækifæri

- Nýta skólaaksturinn betur – tengja við íþróttæfingar o.fl. æskulýðsstarf.
- Nýta skólahúsið betur – rými fyrir leikskóla? Fullorðinsfræðslu? Annað námstengt? Fá meiri tengingu skóla og samfélags?
- Aukin fullorðinsfræðsla – fleiri tækifæri til endurmenntunar.
- Lagning ljósleiðara.
- Styrkja bókasafnið – sem náms- og upplýsingaveitu og að þar komi fram upplýsingar sem varði sérstöðu svæðisins (skáld, listamenn o.fl. héðan).
- Bjóða upp á nám til 18 ára aldurs í heimabyggð.



10.2 UNGMENNASTARF

Í umræðu um ungmennastarf vildi hópurinn hvetja til samstarfs milli íþróttafélaganna í hreppnum. Nú þegar, eru haldnar sameiginlegar íþróttæfingar milli UMF Skafta og UMF Ármanns og töldu þátttakendur mikilvægt að sú samvinna haldi áfram.

Einnig var velt upp möguleikum á víðtækari samvinnu, t.d. við Kötlu Geopark, Vatnajökulspjóðgarð, Landgræðsluna og fleiri.

Rætt var um hvernig mætti samþætta „keyrsluþlön milli foreldra, skólabílaakstur eftir viðburði“.

Auglýsa mætti aðstöðu innan sveitarfélagsins, til dæmis í sambandi við æfingabúðir annarra félaga. „Flott aðstaða í hreppnum til að taka á móti t.d. körfuboltafélögum.“

Kallað var eftir auknum styrkjum til starfsins og stungið upp á að skoða samstarf við UMFÍ varðandi æskulýðsstarf á skólatíma.



11. AÐ LOKUM

Skaftárhreppur hefur þá sérstöðu að vera annað landstærsta sveitarfélag landsins, en íbúar eru aðeins um 440. Þéttbýliskjarninn, Kirkjubæjarklaustur er staðsettur í 73 kílómetra fjarlægð frá Vík og 201 kílómetri er til Hafnar í Hornafirði. Möguleikar og leiðir til eflingar byggðar markast af þessum aðstæðum.

Skilaboð íbúapingsins voru skýr, efla þarf atvinnulíf til að renna styrkari stoðum undir byggðina, en til þess að það sé mögulegt, þarf að auka framboð á atvinnu- og íbúðarhúsnæði, skapa aðgang að þriggja fasa rafmagni og bæta fjarskipti. Landbúnaður og ferðaþjónusta eru megin stoðir atvinnulífs í Skaftárhreppi og snerist megnið af nýsköpunarhugmyndum sem fram komu á þiningu, um þær atvinnugreinar, aukna tengingu milli þeirra og markaðssetningu.

Íbúar í Skaftárhreppi virðast fyllilega meðvitaðir um að þeir þurfa um svo margt að vera sjálfum sér nógir. Sagt var: „Félagslíf, má vera fjölbreyttara en það er undir okkur sjálfum komið“. Aukin samstaða og samvinna er að mati þátttakenda, mikilvægur þáttur í því að styrkja grunnstoðir byggðar í Skaftárhreppi.

Þegar boðið er til þátttöku felst alltaf í því loforð um að nýta það sem út úr samráðinu kemur, í tengslum við ákvarðanir.

„Verðum að hafa trú á okkur sjálfum og okkar samfélagi!“

Í bréfi sem sent var út til íbúa til að kynna íbúapingið sagði m.a.:

Verkefnisstjórnin hyggst vinna með íbúum Skaftárhrepps og hagsmunaaðilum til að tryggja að áhyggjuefni ykkar og metnaðarmál hafi bein áhrif á þá valkosti sem teknir verða til skoðunar, í málum sem snúa að Bygðastofnun, Skaftárhreppi, SASS og Háskólanum á Akureyri. Við ákvarðanir þessara aðila verður upplýst hvernig skilaboð íbúapingsins voru höfð til hliðsjónar. Verkefnisstjórnin mun einnig koma niðurstöðum íbúapingsins á framfæri við ríkisstjórn og stofnanir og fyrirtæki sem hafa áhrif á þjónustustig og þróun byggðar í Skaftárhreppi.

Bygðastofnun leiðir verkefnið í samstarfi við Skaftárhrepp, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga og Háskólann á Akureyri og skipa fulltrúar þessara aðila verkefnisstjórn, auk þess sem þar situr fulltrúi íbúa.

Verkefnisstjórnin mun nú vinna frekar úr skilaboðum þingsins í samræmi við þetta loforð og er stefnt að öðrum íbúafundi í Skaftárhreppi á nýju ári. Þar verður greint frá því hvaða mál verða sett í farveg og hvernig, auk þess sem íbúar verða spurðir fréttu um verkefni sem þeir hyggjast ýta úr vör.

Tilgangurinn með samstarfsverkefninu „Skaftárhreppur til framtíðar!“, er að stilla saman strengi íbúa, sveitarfélags og stoðstofnana til að efla byggð. Það er vert að hafa í huga að þetta er langferð sem kannski tekst og kannski ekki. Frumkvæði og samstaða íbúa og stuðningur verkefnisstjórnar eykur líkurnar á því að eitthvað af þeim hugmyndum sem ræddar voru á íbúapinginu verði að veruleika og að mögulegar lausnir verði í samræmi við takt og vilja samfélagsins sjálfs.